

innar, sérlyfið **Behepan, Kabi**, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1975.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*

16. júní 1975.

Nr. 327.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

### Smáfiskur 60/100:

Nr. I .....	kr. 160.00
Nr. II .....	— 145.00
Nr. III .....	— 130.00

Verð þessi eru f.o.b.

Verðbil verði 3%, er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1975.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

1. júlí 1975.

Nr. 328.

## REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga svo og greiðslur skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 skulu hækka um 8% frá 1. júlí 1975. Þessi hækkun kemur til viðbótar þeirri 3% hækkun, sem verða átti 1. júlí skv. 6. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975, þannig að heildarhækkun þessara bóta frá 1. júlí verður 11% frá því, sem í gildi var í júní.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) skv. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, skal hækka um 8% frá 1. júlí frá þeim upphæðum, sem tiltekna eru í 7. gr. laga nr. 13/1975. Önnur ákvæði nefndrar lagagreinar haldast óbreytt.